

## 17. grein og 23. Grein - Skátaþing og kosning stjórnar BÍS



### 17. grein - Skátaþing

Við breytingu á lögum sem kveða á um að kjósa skal stjórn í tvennu lagi gleymdist að taka út texta í 17. grein þar sem talað var um kosningaár. Í raun eru öll ár kosningaár, þó að annað árið sé einungis kosið um þrjá í stjórn, auk þess sem kosið er árlega í ungmennaráð.

#### Núverandi grein:

Í fundarboði skal tilgreina hvar og hvenær þingið fari fram, til hvaða starfa skuli kjósa á þinginu og hver framboðsfrestur er. Í fundarboði skal tilgreina hvort rafræn þátttaka verði möguleg og hvort þau sem taka þátt rafrænt hafi málfrelsi og tillögurétt eða atkvæðisrétt á þinginu. **Kosningaár skal fara fram á sléttu ártali.**

#### Verður:

Í fundarboði skal tilgreina hvar og hvenær þingið fari fram, til hvaða starfa skuli kjósa á þinginu og hver framboðsfrestur er. Í fundarboði skal tilgreina hvort rafræn þátttaka verði möguleg og hvort þau sem taka þátt rafrænt hafi málfrelsi og tillögurétt eða atkvæðisrétt á þinginu.

### 23. grein – kosning stjórnar BÍS

Einnig þarf að breyta fyrstu málsgrein 23. greinar sem talar um kosningaár og er svohljóðandi:

#### Núverandi grein:

Skátaþing kýs stjórnarmenn til tveggja ára í senn. Að lágmarki skal einn stjórnarmaður ekki vera eldri en 25 ára **á því ári sem kosning fer fram. Kosning fer fram á tveggja ára fresti.**

#### Verður:

Skátaþing kýs stjórnarmenn til tveggja ára í senn. Að lágmarki skal einn stjórnarmaður ekki vera eldri en 25 ára **og skal taka tillit til þess við kjör í stjórn hverju sinni.**

#### Flutningsaðili:

Stjórn BÍS